



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

12.3. 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda, þingmál 366.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar:

1. Innheimtur verði tekjuskattur af vöxtum sem greiddir eru úr landi.
2. Eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningum og greiðsluáðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna.
3. Lögfest verði ákvæði um skattlagningu aðila sem eiga beina eða óbeina eignaraðild að félögum, sjóðum eða stofnunum í lágs kattaríkjum (CFC-reglur).
4. Skil fjármálafyrirtækja á upplýsingum verði aukin.
5. Íslensk móðurfélög verði ábyrg fyrir að veita upplýsingar til íslenskra skattyfirvalda um tekjur viðskiptavina erlendra dótturfélaga séu þeir skattskyldir hér á landi.

Samtök atvinnulífsins telja ýmis atriði frumvarpsins vera til bóta og geta stuðlað að bættri skattframkvæmd og betra samræmi við það sem gerist í nálægum ríkjum. Tillögurnar eru hins vegar umfangsmiklar og flóknar og geta í mörgum tilvikum haft afgerandi áhrif á samkeppnishæfni fjármálafyrirtækja og hvernig tekst til við endurreisn fjármálamarkaðarins. Á þá hlið málsins er ekki varpað ljósi í greinargerð frumvarpsins. Samtökin vilja benda á að frumvarpið er lagt fram á Alþingi án þess að farið hafi fram sá undirbúningur og samráð sem mælt er fyrir um í leiðbeiningum um undirbúning og gerð stjórnarfrumvarpa sem forsætisráðuneytið hefur gefið út og umsagnaraðilum gefinn afar skammur umsagnarfrestur. Lögfesting þessa frumvarps þolir augljóslega bið þar sem veigamestu ákvæði frumvarpsins eiga að taka gildi frá næstu áramótum og því er lagt til að meira samráð verði haft við sérfræðinga í atvinnulífinu og kostir og gallar þeirra breytinga sem mælt er fyrir um í frumvarpinu verði metnar og aðrar hugsanlegar leiðir að þeim markmiðum sem stefnt er að verði skoðaðar.

Samtök atvinnulífsins telja að eftirfarandi greinar frumvarpsins þarfnist nánari umfjöllunar.

1. gr. Skattlagning vaxtatekna sem greiddar eru úr landi

Ekki er óeðlilegt að vextir séu skattlagðir með sama hætti og aðrar tekjur erlendra aðila með takmarkaða skattskyldu hér á landi. Á hinn bóginn er rétt að litið sé til þess að þessi breyting geti hækkað vaxtakostnað innlendra lántakenda. Sú framkvæmd sem lögð er til virðist einnig flókin og kostnaður óþarflega mikill.

2. gr. Niðurfelling skulda teljist ekki skattskyldar tekjur

SA styðja að tekinn sé allur vafi af því að eftirgjöf skulda samkvæmt nauðasamningi um greiðsluaðlögun skuli ekki teljast til skattskyldra tekna. Ýmis álitaefni eru þó þessu tengd, m.a. varðandi aðrar niðurfærslur skulda en vegna gjaldþrota, nauðasamninga og greiðsluaðlögunar, og er lagt til að þau verði tekin til frekari skoðunar.

3. gr. Skattlagning vegna erlends eignarhalds á lágs-kattasvæðum

Í greininni er lagt til að teknar verði upp CFC-reglur (Controlled Foreign Companies) hér á landi. Þessar tillögur virðast flóknar og álitamál hvort unnt sé að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með einfaldari hætti. Lagt er til að slíkar leiðir verði skoðaðar í samráði við sérfræðinga í atvinnulífinu.

5. gr. Upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja til skattyfirvalda

Í greininni segir að fjármálafyrirtæki skuli ótilkvödd veita skattyfirvöldum ókeypis upplýsingar um vexti, afdregna staðgreiðslu og innstæður á bankareikningum og hvers konar verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum. Sama gildi um útlán til viðskiptamanna og vaxtagreiðslur af þeim. Viðbótin felst upplýsingum um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði og útlán og vaxtagreiðslur af þeim. Bankastarfsemi byggir fyrst og fremst á trúnaðarsambandi viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis og er mikilvægt er að skattyfirvöldum verði ekki veittar meiri upplýsingar sjálfvirkt en þau hafa þörf fyrir vegna eftirlitshagsmuna. Með þessari breytingu er gengið lengra í upplýsingagjöf en séð verður að eftirlitshagsmunir krefjast.

6. gr. Upplýsingar frá móðurfélagi um viðskipti dótturfélags við skattskylda aðila á Íslandi og skrá yfir viðskiptavinum aðila sem stunda alþjóðlega skattaráðgjöf

Í greininni eru verulegar kvaðir lagðar á fjármálafyrirtæki og aðra aðila og er þess farið á leit að ekki verði gengið lengra en viðgengst í nálægum ríkjum. Það þarfnast nánari skoðunar.

Samtök atvinnulífsins leggja til að löggjafinn beini því til stjórnvalda að gerð verði úttekt á löggjöf nálægna ríkja í framangreindum málum og kostir og gallar ýmissa ákvæða vegnir og metnir. Í þeirri vinnu þarf að vega saman markmið um að endurheimta traust, rannsóknarhagsmuni skattyfirvalda og uppbyggingu samkeppnishæfs fjármálakerfis.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri